

Hafnarreglugjörð

fyrir

Stykkishólmskaupþún.

Stjórnarráð Íslands hefir 7. marz 1908 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Stykkishólmskaupþún í Snæfellsnessýslu samkvæmt lögum nr. 62 frá 10. nóvember 1905.

I. Hafnargjald.

Af öllum skipum (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld eru til lestatals, hvort sem þau eru fermd vörum, með seglfestu, eða tóm, skal greiða í hafnargjald 5 aura af hverri smálest alls farmrúmsins í hvert sinn, er þau leggjast á höfnina, eftir að þau hafa komið frá Danmörku eða öðrum útlöndum, eða, ef um skip ræðir, er fara að eins milli hafna á Íslandi, þá, er þau í fyrsta sinni á árinu varpa akkerum á höfninni.

Er skip fermir eða affermir á höfninni, skal ennfremur gjalda 10 aura af hverri smálest. Af skipum, sem hafna sig oftár en einu sinni á árinu á Stykkishólmshöfn, greiðast gjöld þessi eigi að fullu, nema hið fyrsta skiftið, er þau eru greidd á því ári, en með $\frac{3}{4}$ hin önnur skiftin. Strandferðabátar greiða þó eigi nema $\frac{1}{2}$ gjald, eftir að þeir hafa hafnað sig einu sinni á árinu á Stykkishólmshöfn.

Skipin greiða framangreind gjöld, þá er lagst er fyrir innan línu, sem hugsast dregin úr svonefndum Baulutanga, beina línu í Hvítubjarnarey, þaðan beina línu í Þórishólma, þaðan beina línu í Böllusker, og þaðan sjónhending í Lundaklett. Gjaldið skal og greiða af skipum, er leita hafnar fyrir ísrekssakir, storma eða því um líks.

Þau útlend skip, er liggja vetrarlangt á Stykkishólmshöfn, skulu greiða fyrir það 10 krónur í hafnarsjóð; en til vetrarlegunnar þurfa slík skip leyfi hafnarnefndar.

II. Aukagjald.

Auk þeirra gjalda, er þegar eru talin, skal ennfremur greiða: 2 aura um daginn af hverri smálest í skipi, er lagt hefir verið upp á fjöru innan takmarka Stykkishólmshafnar til hreinsunar eða aðgjörðar, og 2 aura af hverri smálest skips, er tekur eða kastar út seglfestu í landi Stykkishólmskaupþúns.

48

7. mars

III. Undanþágur frá hafnargjaldi.

Undanþegin eru hafnargjaldi:

1. Öll herskip og skemtiskip, hverrar þjóðar sem eru,
2. Öll fiskiskip, sem skrásett eru á Íslandi, og
3. Skip, er leita hafnar sakir sjóskemda, þótt farmur þeirra hafi verið úr þeim fluttur, ef þau flytja allan farminn burtu aftur, og eigi annað.

IV. Seglfesta.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni, nema með leyfi hafnarnefndar, og seglfestu má hvergi taka nema með leyfi landeiganda eða umráðamanns.

V. Hafnarsjóður og hafnarnefnd.

Gjöld þau, sem talin eru hjer að framan, skulu renna í hafnarsjóð Stykkishólmskaupþúns, og skal honum eingöngu varið til þess, að standast kostnað af mannvirkjum, er við höfnina eru, eða verða gjörð, viðhaldi þeirra og frekari umbótum.

Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps kys 3 menn í hafnarnefnd, og skal einn þeirra jafnan vera hreppsnefndarmaður. Hafnarnefndin hefir umsjón með að reglugjörð þessari sje hlýtt, innheimtir, eða sjer um að gjöldin til hafnarsjóðs sjeu innheimt, og stjórnar sjóðnum með umsjón hreppsnefndarinnar. Hreppsnefndin veitir fje úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður, hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á innstæðu hans, eins og öðrum eignum hreppsfjelagsins. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum, og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

VI. Hegningarákvæði o. fl.

Broð á móti reglugjörð þessari varðar sektum alt að 400 krónum, og fer um mál út af þeim, sem um almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. apríl 1908 og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 1916.

í stjórnarráði Íslands, 7. marz 1908.

I fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.